

Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum
Samtök tónlistarskóla í Reykjavík

Reykjavík, 20. maí 2015

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

791. mál

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms (vinnuskjal 15.05.2015).

Eins og kemur fram í greinargerð með framangreindu lagafrumvarpi felur frumvarpið í sér framlengingu, með einni breytingu, á lögum um breytingar á ýmsum lögum vegna samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms, nr. 180/2011, sem síðast voru framlengd árið 2014 með samþykkt laga nr. 56/2014.

Þá kemur fram að á grundvelli heimildar í fjárlögum fyrir árið 2015 hefur ríkissjóður greitt mánaðarlegt framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að standa straum af kennslukostnaði sem samkomulag ríkis og sveitarfélaga tekur til. Fjárheimildin var upphaflega 480 m.kr. en er nú 520 m.kr.

Sú breyting er nú gerð að 30 m.kr. framlag ríkisins til Varasjóðs húsnæðismála er felld niður. Samsvarandi fjárhæð er þess í stað varið til þess að stuðla að lausn á bráðavanda tónlistarskóla sem kenna nemendum sem stunda nám að loknu framhaldsprófi. Hér teljum við að um misritun sé að ræða þar sem á fundum aðila um málið hefur verið talað um að þessir tilteknu fjármunir muni koma til móts við fjárhagsvanda vegna nemenda í miðnámi í söng eða í framhaldsnámi í hljóðfæra- og söngnámi.

Inntak samkomulags ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms, undirritað 13. maí 2011, fól í sér jákvæð, framsækin markmið sbr. eftirfarandi úr fréttatilkynningu ríkis og sveitarfélaga við undirritun samkomulags aðila:

„Felur aðkoma ríkisins í sér að framlög til málaflokksins aukast um allt að 250 m.kr. á ári og að sveitarfélögin tryggja að nemendur geti stundað nám sitt án tillits til búsetu.“ Þá skyldu sett ný lög um tónlistarskóla.

1) Ágreiningur um túlkun samkomulagsins orsök uppsafnaðs fjárhagsvanda

Ólík túlkun ríkis og sveitarfélaga á samkomulagi aðila um eflingu tónlistarnáms hefur valdið því að við framkvæmd samkomulagsins hefur það viðgengist að lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 hefur í reynd verið kipt úr sambandi. Þessi staða er óviðunandi fyrir alla aðila, bæði þá sem að samkomulaginu standa og þá sem undir það heyra.

2) Samþykkt lagafrumvarps þessa getur komið í veg fyrir gjaldþrot tónlistarskóla

Um leið og undirritaðir telja samþykkt lagafrumvarps þess sem hér um ræðir forsendu þess að tónlistarskólar, sem nú þegar eru tæknilega gjaldþrota, fari ekki í þrot, þá teljum við afar brýnt að eftirfarandi atriðum verði haldið til haga svo viðunandi heildarlausn náist í málinu.

3) Samkomulag um heildarlausn – samstarf og vönduð vinnubrögð lykilatriði

Í greinargerð með umræddu lagafrumvarpi er tiltekið að unnið sé að því að ná samkomulagi milli sveitarfélaga, tónlistarskóla í Reykjavík og ríkisins um heildstæða lausn á fjárhagsvanda einkarekinna tónlistarskóla í Reykjavík.

Tónlistarskólar í Reykjavík hafa lagt áherslu á eftirfarandi atriði á fundum sem haldnir hafa verið vegna framangreinds samkomulags en án þess samkomulags er aðeins hálfur björninn unninn.

a) Samþykkt lagafrumvarps nauðsynlegt fyrsta skref

Samþykkt lagafrumvarps þessa hefur lykil þýðingu, sem fyrsta skref, fyrir áframhaldandi vinnu aðila að heildarlausn.

b) Fjárframlög sem rætt er um í tillögu að samkomulagi að heildarlausn séu skýrt sett fram

Mikilvægt er að um þau fjárframlög sem tilgreind eru í tillögu að samkomulagi milli ríkis, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka tónlistarskóla í Reykjavík (STÍR), með fyrirvara um samþykki borgarráðs og alþingis eftir því sem við á, leiki ekki vafi. Að upphæðir séu gagnsæjar og settar fram með sambærilegum hætti hjá öllum aðilum.

c) Samstarf við úrvinnslu - lykilatriði

Að því gefnu að samkomulag náist leggja tónlistarskólarnir á það ríka áherslu að vinna við útfærslu og forsendur sem lagðar verði til grundvallar við skiptingu fjármagns verði mótaðar í samstarfi við Samtök tónlistarskólanna í Reykjavík og þeirri vinnu verði sett tímamörk svo niðurstöður liggi fyrir í tíma svo tónlistarskólar geti skipulagt næsta skólaár.

d) Tónlistarskólar gjaldi ekki fyrir vankanta á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga

Í greinargerð með lagafrumvarpi því sem um ræðir kemur fram, á bls. 3, að í tengslum við vinnu aðila að heildarlausn sé „*gert ráð fyrir að óháður aðili verði fenginn til að gera úttekt á rekstrarhæfi tónlistarskóla í Reykjavík, jafnframt því sem borgin er tilbúin að veita skólunum fjármála- og rekstrarráðgjöf.*“

Tónlistarskólarnir leggja á það áherslu að mat á rekstrarhæfi tónlistarskóla undanskilji rekstrarvanda sem rekja má til samkomulags ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms framkvæmdar sem leitt hefur til þess að skólarnir hafa ekki fengið það fjármagn sem þeim ber skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1984 til greiðslu launakostnaðar.

e) Rekstrarumhverfi og forsendur næsta skólaárs verður að skýra m.a. með tilliti til hver ber ábyrgð á kostnaðarauka tengdum kjarasamningum

Tónlistarskólarnir leggja á það ríka áherslu að aðilar samkomulags um eflingu tónlistarnáms taki til skoðunar fyrir 1. september 2015 hvernig kostnaði vegna kjarasamninga sem gerðir verða á gildistíma samkomulagsins verði skipt á milli aðila. Taka verður af allan vafa um það hvernig fjármagna eigi þær umsömdu launahækkningar sem lenda á skólunum.

Ágreiningur ríkis og sveitarfélaga um túlkun og framkvæmd samkomulags aðila um eflingu tónlistarnáms hefur leitt til þess að tónlistarskólar í Reykjavík standa nú frammi fyrir uppsöfnuðum fjárhagsvanda tilkomnum á gildistíma samkomulagsins.

Það er einlæg von undirritaðra að ríki og sveitarfélög hefji vinnu hið fyrsta við að laga þá vankanta sem enn blasa við auk þess að koma málum í viðundandi farveg svo koma megi í veg fyrir frekari skaða á kerfi tónlistarskóla á Íslandi.

Undirritaðir vilja ítreka það hér að það er þeirra mat að fyrsta skrefið og forsenda þess að takast megi að koma málefnum tónlistarskólanna í réttan farveg er að umrætt lagafrumvarp verði samþykkt af Alþingi.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka tónlistarskóla í Reykjavík
Vilberg Viggósson, formaður

F.h. Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum
Sigrún Grendal, formaður